

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

105. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn 15. Júní 2011 kl.13:00 í fundarsal Ráðhúss.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá;

1. Skipting fjárveitingar til viðhalds styrkvega.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Sveitarstjóri greindi frá því að Vegagerðin hafi lagt til að úthlutun til Húnaþings vestra af styrkvegafé á árinu 2011 verði kr. 3.000.000,- Tillagan hefur ekki verið afgreidd af samgönguráðherra og því er neðangreind tillaga um skiptingu styrkvegafjár gerð með fyrirvara um þá staðfestingu. Eftirfarandi tillaga um skiptingu styrkvegafjár var samþykkt samhljóða:

- | | |
|----------------------------------|-----------------|
| a) Til afréttarveg í Víðidal | kr. 1.350.000,- |
| b) Til afréttarveg í Miðfirði | kr. 1.150.000,- |
| c) Til afréttaveg í Hrutafirði | kr. 300.000,- |
| d) Til vegar yfir Brandagilsháls | kr. 100.000,- |
| e) Til vegar uppá Vatnsnesfjalli | kr. 100.000,- |

Af fjárveitingu til styrkvega í Miðfirði skal 200.000 kr. ráðstafað til færslu styrkvegar við Efri-Núpskirkju. Verði ekki af færslu vegarins skulu kr. 100.000 færast til styrkvega í Miðfirði og kr. 100.000 til styrkvega í Víðidal.

2. Önnur mál.

Byggðarráð óskar umsagnar landbúnaðarráðs á erindi Níelsar Ívarssonar þar sem hann óskar eftir áframhaldandi leigu og beitarafnotum af jörðunum Fosskoti og Lækjarbæ til allt að 5 ára. Landbúnaðarráð samþykkir eftirfarandi umsögn;

„Landbúnaðarráð mælir með því að Níels Ívarssyni verði leigðar jarðirnar Fosskot og Lækjarbær næstu 3 árin með gagnkvæmum 6 mánaða uppsagnarfresti. Sveitarstjóra verði falið að ganga frá nýjum leigusamningum um beitarafnot af umræddum jörðum“

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl.14:25.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir (sign)
Sigtryggur Sigurvaldason (sign)
Þórarinn Óli Rafnsson (sign)

Skúli Þórðarson (sign)
Agnar Jónsson (sign)
Þorsteinn B. Helgason (sign).